

FRÉTTA BRÉF

Fréttamolar úr skólastarfinu í Salaskóla – janúar 2025

Leiðtogaþjálfun í íþróttum í 10. bekk!

Nú í janúar fór af stað hið árlega verkefni í 10. bekk sem heitir "leiðtogaþjálfun, stjórnun og samvinna í skólaíþróttum". Verkefnið er útskriftarverkefni hjá nemendum í 10. bekk. Til gamans má geta að verkefnið var tilnefnt til Kópsins, viðurkenningar Menntaráðs Kópavogs, árið 2023.

Í verkefninu vinna nemendur í 10. árgangi saman í litlum hópum (4-5 saman) og stjórna heilli kennslustund í íþróttum þar sem hver hópur velur sér viðfangsefni eftir áhugasviði. Ávinningur verkefnis er í fyrsta lagi að nemendur hafa áhrif á hvað sé gert í skólaíþróttum, að þeim sé treyst fyrir að stjórna heilum íþróttatíma og allir fá hlutverk í hópvinnu. Í öðru lagi að nemendur geti unnið með öðrum, tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum við aðra og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi. Verkefnið fer mjög vel af stað og nemendur eru mjög samviskusamir, skapandi og frjóir í hugsun. Framtíðin er björt.

Tímabundnar breytingar á mötuneyti

Frá 27. janúar hefur hádegismaturinn verið keyptur af fyrirtækinu Skólatur og mun sami hátturinn vera hafður á næstu vikurnar. Er þetta gert til að bregðast við tímabundinni manneklu í starfsmannahópnum og teljum við þetta bestu og öruggustu leiðina til að bregðast við þeim aðstæðum.

Mikil ánægja er með matinn bæði af hálfu nemenda sem og starfsfólks og vonum við að það verði reyndin áfram.

Matseðill er birtur á heimasíðu Salaskóla en einnig er hægt að sjá næringarútreikninga á heimasíðu fyrirtækisins, www.skolatur.is

Æfingar hafnar hjá leiklistarvalinu á elsta stigi

Fönix og Salaskóli eru farin af stað annað árið í röð með leiklistarvali í skólanum, en upphafsmenn þess eru Aron Ísak Jakobsson og Matthías Davíð Matthíasson, fyrrum nemendur Salaskóla. Þeir sjá einnig um leikstjórn og sýningarstjórn ásamt mest öllu utanumhaldi. Þeim innan handar eru svo stjórnendur Fönix og kennarar.

Leikritið sem sýnt verður í ár er Hoodwinked og er það byggt á samnefndri kvikmynd þar sem Rauðhetta og aðrar persónur ævintýrisins segja lögreglunni sögu sína.

Þátttakendur í leiklistarvalinu öðlast ekki einungis færni í leik og söng en mikil áhersla er lögð á samvinnu, samkennd, félagsfærni og skapandi hugsun bæði á æfingum og öllu utanumhaldi sýningarinnar.

Á síðasta ári þegar leikritið Stefán Rís var sett upp ákvað leikhópurinn að ágóði af miðasölu og sjoppu myndi renna til Barnaspítala Hringins, samtals 200.000 krónur, en sama fyrirkomulag verður í ár og mun núverandi leikhópur velja hvert ágóðinn mun renna að þessu sinni.

Það er alveg ljóst að svona verkefni gengi ekki upp nema með mjög góðri samvinnu skóla, félagsmiðstöðvar og umsjónarmanna og við erum einstaklega heppin hvað það varðar.

Á döfinni!

- 24.-25. febrúar: vetrarfrí
- 5.mars: öskudagur: karnival, skóla lýkur kl. 12:00.
- 12.mars: Skipulagsdagur í skóla og frístund

Útivistar- og skíðadagar

Í mánuðinum fengu nemendur á miðstigi útivistar- og skíðadag í Bláfjöllum. Þessa daga fara nemendur á skíði eða snjóbretti eða taka með sér rassapötur að heiman. Einnig máttu nemendur taka með sér spil ef þau vildu taka sér pásu inn í skála og spila saman.

Þessir dagar eru sannarlega ógleymanleg upplifun fyrir nemendur skólans og komu nemendur sem og starfsfólk alsælt heim eftir góðar stundir í fjallinu.

Elsta stigið stefnir á að fara í Bláfjöll þann 10. febrúar ef veður leyfir.



Viðurkenning í ljóðasamkeppni

Ljóðstafur Jóns úr Vör er haldinn af Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar en efnt var til samkeppninnar fyrst árið 2002 í minningu skáldsins Jóns úr Vör.

Við sama tilefni voru veitt verðlaun í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar. Nokkrir nemendur úr Salaskóla tóku þátt í keppninni og var nemandi úr skólanum í öðru sæti, Friðrik Bjarki Sigurðsson, 6. bekk fyrir ljóðið „Veðrið“ (Hæka)

Viðurkenningar hlutu Eva Benediktsdóttir og Fjóla Breiðfjörð Arnþórsdóttir, 6. bekk Salaskóla, fyrir ljóðið Ströndin.



Gallery Salaskóla!

Endilega kynnið ykkur facebooksíðu list- og verkgreinakennara; þar eru fréttir, myndir og yfirlit yfir fjölbreytt verkefni nemenda í smíðjum!

[Hér](#) er hlekkur á síðuna.

